

2. bekkur

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í þessum námsvísi birtast helstu áherslur þeirra í kennslu einstakra námsgreina. Þeim sem vilja leita sér nánari upplýsinga er bent á **Aðalnámskrá grunnskóla veffang:**

<http://www.menntamalaraduneyti.is/namsskrar/grunnskolar>

Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Hún er grundvöllur skólanámskrárgerðar og jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá. Heildarfjöldi kennslustunda í 2. bekk er 30. Umsjónarkennarar eru Fríður Gunnarsdóttir og Þorbjörg Otta Jónasdóttir. Stoðkennari er Margrét Magúsdóttir og stuðningsfulltrúi Soffía Guðmundsdóttir.

Íslenska

Traust kunnátta í íslensku er ein megin undirstaða haldgóðrar menntunar.

Lestur:

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar.

Markmið

Við lok 2. námsárs á nemandi að:

- hafa náð tökum á undirstöðuatriðum lestrar
- geta lesið upphátt og í hljóði á sæmilegum hraða
- geta lesið og skilið einfaldar sögur og ljóð
- geta lesið texta sér til gagns- og upplýsingaöflunar
- geta lesið og skilið texta við hæfi
- geta notað bækur til að afla sér upplýsinga vegna verkefna
- geta lesið einföld fyrirmæli og farið eftir þeim
- hafa tileinkað sér jákvætt viðhorf til lestrar en í því felst
- hafa lesið texta við hæfi sér til ánægju
- hafa lesið bækur að eigin vali

Skipulag kennslu / kennsluhættir

Lestur í 2. bekk er kenndur eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi en hún fellur afar vel að skólasýn Glerárskóla þar sem slagorðið Hugur – hönd - heilbrigði er haft að leiðarljósi.

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða kennsluhætti, samþættingu námsgreina, lýðræði, samvinnu nemenda og samstarf kennara. Árgangurinn er í rými sem sérhannað er til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Þar er stórt sameiginlegt rými þar sem gert er ráð fyrir litlum aðskildum vinnusvæðum. Nemendur geta verið að fást við ólík verkefni á sama tíma. Áhersla er lögð á að nemendur taki ábyrgð á námi sínu, þar sem frumkvæði, sjálfstæði og samvinna nemenda er höfð að leiðarljósi.

Ætlast er til að nemendur lesi heima í minnst 15 mínútur alla virka daga og að foreldrar kvitti fyrir í þar til gerða bók.

Námsefni / kennslugögn

Samkvæmt kennsluaðferðinni Byrjendalæsi er stuðst við ýmsar barnabókmenntir gæddar gæðatexta. Nemendur vinna ýmis verkefni tengd innihaldi bókanna t.d. er unnið út frá lykilorði, hugtakakortum, fyrirmælasþjóldum, verklegar æfingar, ýmis námsspil sem nemendur útbúa sjálfir, sóknarskrift og ýmis önnur verkefni. Nemendur þjálfu einnig lestrarfærni með því að vinna í tölvuforritum svo sem Glói geimvera og Glói á lestrareyju. Doppa bregður á leik. Einnig er unnið með gagnvirkt efni á vef Námsgagnastofnunnar. Heimalestrarbækur.

Námsmat

Notast er við leiðsagnarmat, greinandi mat og stöðumat.

Greinandi mat er fyrst og fremst til að greina sértækan námsvanda svo sem Læsi í 2. bekk 1. og 2. hefti og lesskilningspróf eru lögð fyrir alla nemendur ýmist sem lesskilningspróf eða hlustunarpróf.

Leiðsagnamat er til að fylgjast með og sjá stöðu nemenda meðan á námi stendur þ.e. það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær. Til þess eru notuð raddlestrarpróf og lesskilningspróf.

Lesfimiþróf ætlað til að meta stöðu nemenda í lestri þrisvar sinnum á skólaárinu..

Sýnismöppur eru notaðar til að geyma valin verkefni sem metin eru m.a. í þeim tilgangi að skoða stöðu og framfarir nemanda.

Ritun og skrift:

Nauðsynlegt er að nemendur þjálfist í að gera skipulega grein fyrir kunnáttu sinni og skoðunum í rituðu máli.

Markmið

Við lok 2. námsárs á nemandi að:

- geta skrifað einfalda texta af ólíkum gerðum
- draga rétt til stafs
- geta skrifað sögur með einfaldri atburðarás
- hafa tileinkað sér læsilega rithönd og vandaðan frágang

Skipulag kennslu / kennsluhættir

Ritun í 2. bekk er kennd eftir kennsluaðferðinni Byrjendalæsi en hún fellur afar vel að skólasýn Glerárskóla þar sem slagorðið Hugur – hönd - heilbrigði er haft að leiðarljósi. Samkvæmt kennsluaðferðinni er lestur og ritun mjög samofin þar sem mörg verkefni byggjast upp á ritun nemenda.

Kennd er ítölsk skrift. Börnin læra að skrifa tengda skrift og í skriftarbókunum skrifa þau í rúður til að auðvelda þeim formgerð stafanna.

Námsefni / kennslugögn

Við skriftarkennslu í 2. bekk er notuð forskrift og bækurnar Ítalúskrift 2A og 2B. Skrift (Námshagnastofnun). Einnig Sögubók og fyrirmælaspjöld tengd ritun og ljósrituð blöð til frekari skriftarþjálfunar.

Námsmat

Skoðuð eru sýnishorn og metnar framfarir í formlegum skriftarverkefnum og í frjálstri ritun. Tekin eru til varðveislu sýnishorn af vinnu hvers nemanda a.m.k tvisvar á önn. Sýnishornin liggja til grundvallar námsmati og rædd við foreldra og nemendur. Metin er færni í að fylgja fyrirmælum um frágang ákveðinna verkefna. Stafsetning er metin með því að skoða stöðu og framfarir nemenda í frjálstri ritun. Læsispróf.

Málfræði:

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða kennsluhætti, samþættingu námsgreina, lýðræði, samvinnu nemenda og samstarf kennara. Nemendur geta verið að fást við ólík verkefni á sama tíma. Áhersla er lögð á að nemendur taki ábyrgð á námi sínu, þar sem frumkvæði, sjálfstæði og samvinna nemenda er höfð að leiðarljósi.

Markmið

Við lok 2. námsárs á nemandi að:

- þekkja hugtökin bókstafur, orð og málsgrein
- þekkja sérhljóða og samhljóða
- kynnast hugtökunum andheiti og samheiti, sérnöfn og samnöfn
- kunna og geta nýtt sér íslenska stafrófið
- geta greint í sundur og sett saman samsett orð
- geta gert greinarmun á eintölu og fleirtölu
- fá tækifæri til að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt

Skipulag kennslu / kennsluhættir

Nálgun viðfangsefna með margvíslegum aðferðum s.s. í gegnum lestur, ritun, leiki og ýmsa verkefnavinnu. Áhersla er lögð á vinnu út frá textum barnanna. Mið tekið af þroska hvers og eins í kennslu einstakra þátta.

Námsefni / kennslugögn

Ýmsar lestrar- og vinnubækur sem tengjast byrjendalæsi. Ritrún 1, Ás, Lestrarlandið o.fl.

Námsmat

Áhersla er lögð á mat einstaklings, þar sem framfarir eru miðaðar út frá fyrri þekkingu. Vinnubækur og verkefni metin og formlegt mat í lok anna.

Stærðfræði

Kennsla á yngsta stigi byggist á reynslu og þekkingu barnanna þegar þau hefja skólagöngu. Með tímanum þróast vinna þeirra og leikur þannig að þeim verður tamt að styðjast við stærðfræðileg hugtök. Stuðla ber að slíkri þróun með því að þjálfa börnin í ýmiss konar talnavinnu, flokkun, röðun og lýsingu á eiginleikum hluta og umræðum um þá.

Nemendur þurfa að fá tækifæri til að skýra hugsun sína um stærðfræðileg viðfangsefni með því að ræða við aðra, bæði kennara og aðra nemendur, um viðfangsefni sín og lausnarleiðir og læra þannig að nota tungumál stærðfræðinnar.

Markmið

Við lok 2. námsárs á nemandi að:

- geta lesið og skrifað tölur, einföld töluleg gögn og stærðfræðilegan texta
- geta lesið og skrifað tölur allt að 200
- þekkja algeng stærðfræðihugtök og tákni fyrir þau, s.s. meira en, minna en, jafnt og, samlagningu, frádrátt. Og geta lesið og skrifað texta þar sem þau koma fyrir
- geta lesið úr einföldum töflum og súluritum og sett eigin gögn t.d. niðurstöður athugana á umhverfi eða í sambandi við aðrar námsgreinar upp í töflur
- geta rætt við kennara og aðra, t.d. heimilisfólk sitt, um stærðfræðileg efni í því skyni að öðlast betri skilning, til dæmis með því að spyrja kennara spurninga
- geta nýtt sér stærðfræðileg hugtök og aðferðir við lausn verkefna í samvinnu við skólasystkin sín
- geta útskýrt munnlega eigin lausnir á verkefnum og notað tákni og skýringarmyndir eftir því sem við á þannig að þær verði skiljanlegar öðrum
- geta útskýrt og sett fram eigin lausnir skriflega og samið sögur út frá stærðfræðilegum verkefnum, bæði sínum eigin og annarra
- kynnast frekar orðadæmum til að efla skilning og þjálfun eigin lausna við verkefni
- geta lesið heilan og hálfan tíma á klukku og lesið upplýsingar af dagatali
- hafa lært undirstöðuatriði varðandi mælingar í tíma og rúmi
- geta notað einfaldar mælieiningar um hitastig, mál og vog

Skipulag kennslu / kennsluhættir

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðaða kennsluhætti, hlutbundna vinnu, samþættingu námsgreina, lýðræði, samvinnu nemenda og samstarf kennara. Nemendur geta verið að fást við ólík verkefni á sama tíma. Áhersla er lögð á að nemendur taki ábyrgð á námi sínu, þar sem frumkvæði, sjálfstæði og samvinna nemenda er höfð að leiðarljósi.

Nemendur vinna með stærðfræði á sem fjölbreytilegastan hátt. Vinna áfram með flokkun, stærðir, form, mælingar, talningu, talnalínu og mynstur. Einnig er unnið með algeng stærðfræðihugtök, s.s. einingu, tug og hundrað. Aukið er vægi orðadæma og lögð er áhersla á að börnin leiti eigin lausna við verkefnin.

Námsefni / kennslugögn

Sproti 2 A og B, Eining 3 og 4 (valin verkefni), Í undirdjúpunum, samlagning og frádráttur. Verkefni fyrir vasareikni, Viltu reyna og Húrrahefti. Notuð eru margvísleg hjálpargögn við kennsluna s.s. talnagrindur, hundraðstöflur, eininga- og sentikubbar og vasareiknar.

Námsmat

Námsmat er stöðugt í gangi og tekur mið af því hvort endurtaka þurfi þjálfun tilteknis námsþáttar eða hvort færni nemandans hefur aukist nægilega til að takast á við nýjan námsþátt. Matsverkefni eru fjölbreytt til þess að hægt sé að meta út frá þeim sem flesta þætti í hæfni nemandans.

Notast er við leiðsagnarmat.

Leiðsagnamat er til að fylgjast með og sjá stöðu nemenda meðan á námi stendur þ.e. það ferli að afla upplýsinga um hvar nemandi er staddur í námi sínu og túlka þær. Til þess eru notuð könnunarpróf.

Færni segir til um leikni nemandans í námsgreininni, þ.e. hve góðum tókum nemandinn hefur náð á viðfangsefninu.

Sjálfstæði / frumkvæði. Þar sem metið er hve duglegur nemandi er að koma sér að verki og hvort hann geti unnið eftir fyrirmælum. Hvort hann leiti sér aðstoðar við lausn vandamála eftir að hafa reynt að leysa þau sjálfur og hvort nemandi komi sjálfur með tillögur um lausn viðfangsefna. Fylgst er með vinnu nemenda við þrautalausnir og almennar umræður um stærðfræðina.

Náttúrufræði/Samfélagsfræði

Markmið samfélagsgreina er að gera nemandann læsan á umhverfi, samfélag og menningu.

Markmið

Nemandi

- geri sér grein fyrir sérkennum íslensks samfélags, heimabyggðar sinnar jafnt sem þjóðfélagsins í heild
- þekki einkenni íslenskrar menningar, breytingar sem orðið hafa á henni í gegnum aldirnar og áhrif sem aukin fjölmening hefur í samtímanum
- geti unnið sjálfstætt að verkefnum, bæði samkvæmt fyrirmælum og að eigin frumkvæði
- verði fær um að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum hætti, svo sem munnlega eða skriflega, á myndrænan hátt og með leikrænni tjáningu, einn sér eða í samstarfi við aðra
- kynnist ólíkum efnum í nánasta umhverfi
- skilji að vatn getur skipt um ham
- geri sér grein fyrir hvernig hægt er að spara orku á heimilum
- geti nafngreint flesta sjáanlega líkamshluta mannsins
- geri sér grein fyrir að líkaminn er gerður úr líffærum sem gegna ákveðnum hlutverkum, svo sem beinum, vöðvum, hjarta, blóðrás, lungum, meltingarfærum, heila og skynfærum
- kynnist helstu lífverum í nánasta umhverfi, þar á meðal íslensku húsdýrunum

Skipulag kennslu / kennsluhættir

Unnið með nánasta umhverfi og umhverfismennt, svo sem orkusparnað og fleira. Fjallað er um gerð líkamans, starfsemi hans og þarfir. Fjallað er um landið okkar Ísland í víðu samhengi og tengsl Íslendinga við aðrar þjóðir. Nemendur kynnast ólíkum efnum í nánasta umhverfi, hamskiptum vatns og hringrás. Unnið er markvisst að því að nemendur geti unnið sjálfstætt að verkefnum, bæði samkvæmt fyrirmælum og að eigin frumkvæði. Verða færir um að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum hætti, svo sem munnlega, skriflega eða á myndrænan hátt.

Nemendur eru hvattir til þess að móta sér ábyrgan lífsstíl og lífsgildi. Þetta felur m.a. í sér að rækta andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk.

Námsefni / kennslugögn

Komdu og skoðaðu líkamann, Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera, Húsdýrin okkar, Blómin á þakinu.

Námsmat

Símat fer fram alla önnina og felst meðal annars í verkefnaskilum, mat á færni, virkni og vinnubrögðum. Sjálfsmat.

Siðfræði og trúarbragðafræði

Þeir þroskaþættir, sem greininni er ætlað að efla, eru trúar-, siðgæðis- og félagsþroski þannig að nemendur verði hæfari til að taka ábyrga afstöðu í trúarlegum, siðferðilegum og félagslegum efnum.

Markmið

Nemandi

- temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli, hjálpssemi og vandamál tengd einelti og bakmælg
- kynnist völdum frásögum úr Gamla testamentinu í einfaldaðri mynd, t.d. frásögunni af Adam og Evu í aldingarðinum Eden, Kain og Abel og Nóa
- viti hvað aðventa merkir og hafi kynnst siðum og tónlist sem tengist henni
- kynnist frásögum og dæmisögum úr lífi Jesú, t.d. af góða hirðinum, týnda sauðnum, Sakkeusi, Bartímeusi blinda og fiskidrættinum mikla
- kynnist frásögum af dauða og upprisu Jesú
- skoði og ræði listaverk sem túlka efni Biblíunnar og fái tækifæri til eigin listsköpunar
- þekki eina af hátíðum gyðingdóms og íslams, t.d. ljósahátíð (hanukka) í gyðingdómi og föstulokahátíðinni (Id al-Fitr) í íslam

Skipulag kennslu / kennsluhættir

Fjallað um samskiptareglur sem byggja á kristilegum kærleik og sáttfýsi, m.a. með því að lesa fyrir börnin sögur sem gefa tilefni til umfjöllunar um þessi atriði. Við munum fjalla um sögur úr gamla testamentinu. Kirkjan tekin til umfjöllunar og farið í heimsókn í kirkju.

Nemendur eru hvattir til þess að móta sér ábyrgan lífsstíl og lífsgildi. Þetta felur m.a. í sér að rækta andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk.

Unnið er markvisst að því að nemendur geti unnið sjálfstætt að verkefnum, bæði samkvæmt fyrirmælum og að eigin frumkvæði. Verði fær um að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum hætti, svo sem munnlega, skriflega eða á myndrænan hátt.

Námsefni / kennslugögn

Regnboginn, myndbönd tengd efninu svo sem Sköpunin og fæðing Jesú.

Námsmat

Mat felst í verkefnaskilum, mat á færni, virkni og vinnubrögðum.

Enska

Markmið, kennsla og skipulag

Kennslan byggist mest á söng og hreyfingum. Hreyfingar eiga að endurspegla innihald texta þannig að nemendur átti sig á þýðingu orðanna. Nemendur teikna myndir við söngtextana og safna í möppu til að geta sýnt foreldrum hvað þau eru að gera og til að minna á það sem þau eru að gera í enskutímum. Unnið verður fyrst með lög sem nemendur kunna á íslensku, með litina, tölurnar og jólasöngva þegar þar að kemur.

Námsefni: Unnið með lög af diskunum Action songs og Party songs fyrir áramót. Eftir áramót á að kenna bókina Right on. Geisladiskur fylgir henni og vinnubók. Ítarefni á bókasafni t.d. orðasúpur, jöfnuspúll og stuttar sögubækur, Adventure Island.

Lífsleikni

Námsgreinin lífsleikni á að efla alhliða þroska nemandans. Það felur m.a. í sér að nemandinn geri sér far um að rækta með sér andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk. Hann efli félagsþroska sinn og borgaravitund, siðvit og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum

Markmið

Við lok 2. námsárs á nemandi að:

- geta greint og lýst ýmsum tilfinningum, t.d. hamingju, gleði, sorg og reiði
- gera sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem geta haft áhrif á líf hans
- virða og átta sig á tilgangi leikreglna í mannlegum samskiptum
- geta sett hugtakið jafnrétti í margbreytilegt samhengi
- geta tjáð hugsanir, skoðanir, tilfinningar og væntingar
- hafa lært leiðir til að efla samskiptafærni sína sem felur meðal annars í sér færni í samvinnu
- sýna tillitssemi
- bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- setja sig í spor annarra
- hlusta á aðra og sýna kurteisi kunna skil á umferðarreglum fyrir gangandi vegfarendur
- geta bent á slysgildrur í umhverfinu, í umferðinni og á heimilum og þekkja varasöm efni sem þar kunna að vera geymd
- gera sér grein fyrir mismunandi fjölskyldugerðum og stöðu einstaklinga innan þeirra
- beri ábyrgð á eigin gjörðum
- Læri af mistökum og séu tilbúin að leysa úr ágreiningi.

Skipulag kennslu / kennsluhættir

Helstu markmið eru að efla tilfinningaþroska og samskiptahæfni barnanna. Lögð er áhersla á að börnin geti tjáð sig um líðan sína og um helstu hugarefni sín og sagt frá atburðum. Stefnt er að því að börnin geti greint og lýst tilfinningum s.s. hamingju, gleði, sorg og reiði og takist að beita sjálfstjórn. Mikil áhersla er lögð á að börnin virði þær leikreglur sem gilda í mannlegum samskiptum og geti sæst ef út af bregður. Við leggjum áherslu á að börnin fari eftir reglum skólans og séu meðvituð um hættur í umhverfi sínu. Þau læra umferðarreglur og umferðarmerki fyrir gangandi vegfarendur og lögð er áhersla á að þau læri að lesa skilaboð af skiltum, afla sér upplýsinga um símanúmer og læri að nota strætisvagna með aðstoð fullorðinna. Þess ber að geta að lífsleikni tengist öllum öðrum námsgreinum skólans á einn eða annan hátt og í flestum námsgreinum er gert ráð fyrir samvinnu barnanna. Nemendur eru hvattir til þess að móta sér ábyrgan lífsstíl og lífsgildi. Þetta felur m.a. í sér að rækta andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og sálrænan styrk.

Kennslan byggist fyrst og fremst á umræðum, hlutverkaleikjum og verklepri hjálfun. Einnig er unnið samkvæmt eineltisáætlun Olweusar, svo sem haldnir bekkjarfundir og fleira. Unnið verður með uppeldisstefnuna Jákvæður agi og valin verkefni úr námsefninu Að vaxa úr grasi.

Námsefni / kennslugögn

Ýmis verkefni úr jákvæðum aga. Unnið með eineltishringinn. Pappírspési, myndband

Námsmat

Símat fer fram alla önnina og felst meðal annars í verkefnaskilum, mat á færni, virkni og vinnubrögðum.

Upplýsingamennt

Upplýsingamennt felur í sér heildstæða þekkingu, færni og viðhorf til að nýta sér til gagns og yndis margslunginn samskipta- og merkingarheim manna.

Markmið

Nemandi

- tileinki sér rétta líkamsbeitingu við innslátt á texta
- átti sig á hvernig lyklaborð skiptist í hægri og vinstri hluta
- geti ritað texta í ritvinnslu
- kunni að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði, s.s. að eyða texta, leiðréttu texta og rita stóra stafi
- komi reglulega á skólasafnið og fylgist með sögustundum
- hafi reglulega fengið lánuð gögn á skólasafninu
- hafi fengið kynningu á ýmsum tegundum bókmennta, s.s. þjóðsögum, ævintýrum og ljóðum
- þekki nokkra íslenska barnabókahöfundu.

Skipulag kennslu / kennsluhættir

Lögð er áhersla á að börnin komi reglulega á bókasafn skólans og finni sér bækur við hæfi. Börnin fá kynningu á þjóðsögum, ævintýrum og vinna með eina þjóðsögu og kynna hana í lokin. Börnunum verður kennt að leita í léttum orðabókum. Börnin fá grunnþjálfun í fingrasetningu á tölvu og rita stuttan texta í ritvinnslu. Þeim er kennt að nota ákveðna sérlykla á lyklaborði s.s. að eyða texta, leiðrétta texta og rita stóra stafi. Einnig er þeim kennt að vista skjöl og ná i vistuð skjöl af hörðum disk. Farið verður í undirstöðuatriði ritvinnslu.

Námsefni / kennslugögn

Bækur af bókasafni og tölvur

Námsmat

Símat fer fram alla önnina og felst meðal annars í verkefnaskilum, mat á færni, virkni og vinnubrögðum.

Kennari: Aðalbjörg María Ólafsdóttir

List og verkgreinar

Helstu áhersluatriði: Nemendur teikna, mála og móta frjálst eigin hugmyndir inn á milli ákveðinna verkefna. Í fyrstu byggja verkefni á eigin reynsluheimi og upplifun nemenda. Þeir læra að nota fjölbreytt áhöld og efni til myndgerðar sem hæfir aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á góða umgengni um efni og áhöld. Nemendur fást við ýmiskonar fönður s.s. vef, perlur og einfaldan saum. Tón- og taktskyn er þjálfað með söngvum og hreyfileikjum. Leikræn tjáning er þverfagleg grein sem kemur inn á flestar námsgreinar. Sérstaða leikrænnar tjáningar er hlutverkaleikurinn og persónusköpunin sem er aðferð sem er börnum eðlileg til að tileinka sér þekkingu og færni. Að nokkru leyti eru listgreinar samþættar öðrum námsgreinum.

Námsefni og kennslugögn: Verkefni frá kennurum - námsefni unnið upp úr ýmsum kennslugögnum og bókum um myndlist

Námsmat: Símat fer fram alla önnina og felst meðal annars í virkni og vinnubrögðum, verkefnaskilum.

Kennarar: Ólafur Viðar Hauksson og Þorbjörg Otta Jónasdóttir.

Heimilisfræði

Heimilisfræðin fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greinin er ætlað að stuðla að góðu heilsufari, hagsýni og umhverfisvernd og auðvelda nemendum við að takast á við daglegt líf og hjálpa þeim að gerast meðvitaðir neytendur.

Markmið

- geti gert samanburð á hollum og óhollum fæðutegundum og læri um tannvernd
- þekki einföld áhöld sem notuð eru í eldhúsi og geti nýtt sér þau við vinnu sína
- geti mælt í heilu og hálfu með dl-máli, msk. og tsk.
- taki þátt í verklegri vinnu og geti farið eftir leiðbeiningum þ.e. myndrænum og einföldum skriflegum uppskriftum, fái þjálfun í uppvaski og frágangi
- geti raðað algengum fæðutegundum í fæðuhring og læri hvað fæðuflokkarnir heita
- læri um gagnsemi og skaðsemi örvera, flokkun á sorpi, hreinlæti í meðferð matvæla og persónulegt hreinlæti.
- læri að vinna með öðrum og sýna öðrum kurteisi, tillitsemi og hjálpsemi.
- þjálfist í borðsiðum og leggja á borð.

Skipulag kennslu/kennsluhættir: Útlistunarkennsla, sýnikennsla, einstaklingskennsla hópastarf, samvinnunám, einstaklingsvinna.

Nemendur vinna saman í litlum hópum 2-3 saman í hóp þar sem þeir læra samvinnu og að taka tillit til annara, einnig fá þeir eins mikla einstaklings kennslu og þeir þurfa. Nemendur kynnast helstu fæðutegundum, hollustu og almennu hreinlæti. Byggt er ofan á þekkingu úr 1. bekk leitast er við að

nemendur séu enn sjálfstæðari í vinnubrögðum. Viðfangsefni eru mikið í bakstri við að mæla, hnoða og móta deig en einnig er unnið með grænmetis, ávaxta og mjólkurflokk.

Námsefni og kennslugögn

Hollt og gott (vinnubók fyrir 2. bekk), Komdu og skoðu eldhúsið, ljósritaðar myndrænar einfaldar uppskriftir. Vinnum með einföld eldhúsáhöld, stuttblaða sagtennta hnífa, ávexti, grænmeti, mjólkurvörur, kornvörur.

Námsmat

Símat fer fram alla önnina sem felst í vinnubrögðum og virkni í tímum, frumkvæði, vandvirkni, kurteisi og samvinnu. Vinnubókin er einnig metin. Umsögn fyrir foreldradag að hausti og skriflegur vitnisburður að vori.

Kennari: Þóra Gígja Jóhannsdóttir

Íþróttir

Helstu áhersluatriði eru að nemendur:

- Efli samspil skynjunar og hreyfingar
- Þjálfast áfram í grunnhreyfingum og læri að tengja mismunandi hreyfingar saman
- Efli líkamspól, styrk, fimi og hraða
- Þjálfist í samvinnu og að sýna tillitsemi og umburðarlyndi gagnvart öðrum nemendum
- Fá útrás fyrir hreyfiþörf sína og fá í leiðinni jákvæða upplifun af íþróttum.

Leiðir: Fjölbreyttir íþróttatímar sem innihalda m.a. ýmsar æfingar og leiki. Nemendum er skylt að koma með íþróttaföt og handklæði í hvern tíma og fara í sturtu að honum loknum. Ekki er leyfilegt að vera í skóm í íþróttatímum.

Námsgögn: Stór og smá áhöld til íþróttaiðkunar.

Námsmat: Námsmat í íþróttum byggir á stefnu skólans og markmiðsetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla.

Námsmat í 2. bekk er sett fram með skriflegri umsögn:

Færni: Könnuð er færni nemenda í fimi, styrk og hraða, einnig í ýmsum grunnhreyfingum og í leikjum með og án bolta.

Fyrirmæli: Mat er lagt á hvort nemandi fylgi fyrirmælum kennara og starfsfólks.

Samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda.

Virkni: Mat er lagt á virkni nemanda í íþróttatímum.

Kennarar: Hrefna Dagbjartsdóttir, Kári Jóhannesson og Páll Viðar Gíslason.

Sund

Helstu áhersluatriði: Í sundkennslu í 2. bekk er megináhersla lögð á aðlögun barnsins að vatninu í leik og með markvissum æfingum í því skyni að læra rétt sundtök og rétta öndun í skriðsundi og baksundi. Einnig lagður grunnur að fótatökum í skólabaksundi. Lögð er áhersla á að nemendur upplifi sundstaði á jákvæðan hátt þar sem þeir fá útrás fyrir hreyfiþörf og félagsleg samskipti.

Námsmat: Námsmat í sundi byggir á stefnu skólans og markmiðssetningu í skólanámskrá og aðalnámskrá grunnskóla. Námsmatið byggir á símati þ.e. ýmsum æfingum og prófum. Eftirtaldir þættir eru lagðir til grundvallar við gerð námsmats í sundi.

Færni. Matið byggir á því að nemandinn geti flotið á bringu og baki, synt 10 metra skriðsund og baksund með höndum og fótum, 10 metra skólabaksund með fótum. Öll sund með eða án hjálpartækja. Hoppað af bakka í laug. Þátttaka í leikjum og ýmsum æfingum til aðlögunar í vatni er metin.

Fyrirmæli: Mat er lagt á hvort nemandi fylgi fyrirmælum kennara og starfsfólks.

Samskipti: Mat er lagt á samvinnu og samskipti nemenda.

Virkni: Mat er lagt á virkni nemanda í sundtímum.

Kennarar: Kári Jóhannesson og Hrefna Dagbjartsdóttir